

Við beitingu tilskipunarinnar eru eftirfarandi upplýsingaskipti með rafeindateknilegum aðferðum talin nauðsynleg:

- 1) *Tilkynningastrimlar. Þá má senda áður en eða um leið og textinn er sendur í heild.*
- 2) *Kvittun fyrir viðtöku á textadrögum þar sem meðal annars kemur fram dagsetningin þegar fresturinn sem ákveðinn er í samræmi við reglur hvers kerfis um sig rennur út.*
- 3) *Boð þar sem óskað er eftir viðbótarupplýsingum.*
- 4) *Svör við óskum um viðbótarupplýsingar.*
- 5) *Athugasemdir.*
- 6) *Beiðnir um fundi varðandi sérstök málefni.*
- 7) *Svör við beiðnum um fundi varðandi sérstök málefni.*
- 8) *Óskir um fullbúinn texta.*
- 9) *Upplýsingar um að boðað hafi verið til sex mánaða frestunar.*

Eftirfarandi má senda í venjulegum pósti eins og sakir standa:

- 10) *Fullbúinn texta draga sem tilkynnt hefur verið um.*
- 11) *Grundvallarlagatexta og reglugerðarákvæði.*
- 12) *Fullbúinn texta.*

Samningsaðilar skulu sameiginlega samþykkja stjórnvaldsráðstafanir varðandi tilkynningar.

SKIPULAGSSKRÁ

Snorrastofu í Reykholti.

1. gr.

Snorrastofa í Reykholti er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er í Reykholti í Borgarfirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eigum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur Snorrastofu í Reykholti eru: Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu, héraðsnefnd Mýrasýslu, Reykholtisdalshreppur, Reykholtskirkja og menntamálaráðuneytið.

Stofnendur leggja fram 500 þúsund króna stofnframlag til stofnunarinnar sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxta skal með tryggilegum hætti. Ríkissjóður leggur fram 40% stofnframlags og aðrir 15% hver.

3. gr.

Snorrastofa í Reykholti er safn um Snorra Sturluson og þar er veitt fræðsla um norræna sögu og bókmenntir sem tengjast Snorra Sturlusyni. Stofnuninni er einnig ætlað að kynna sögu Reykhólts og Borgarfjarðarháa sérstaklega. Starfsemi Snorrastofu í Reykholti fer fram í samnefndu húsi í Reykholti í Borgarfirði samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Í Snorrastofu í Reykholti er starfrækt bókhláða, þar sem safnað skal sérstaklega verkum Snorra Sturlusonar og heimildum um hann. Í bókhlöðu fer fram bókasafnsþjónusta fyrir skóla í Reykholti samkvæmt nánara samkomulagi. Einnig er heimilt að þar fari fram almenn bókasafnsþjónusta samkvæmt lögum um almenningssbókasöfn, enda verði um það samkomulag við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Í Snorrastofu í Reykholti er starfrækt gestastofa þar sem innlendum og erlendum fræði-, vísinda-, og listamönnum skal gefinn kostur á að dvelja um lengri eða skemmri tíma til að sinna viðfangsefnum sínum.

Á vegum Snorrastofu í Reykholti er veitt upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn með hvers kyns sýningum og kynningum um Snorra Sturluson og sögu staðarins og íslenska menningu.

Heimilt er að fela Snorrastofu í Reykholti að hafa umsjón með fornminjum í Reykholti undir yfirumsjón Þjóðminjasafns Íslands samkvæmt þjóðminjalögum að fengnu samþykki þjóðminjaráðs.

4. gr.

Stjórn Snorrastofu í Reykholti er skipuð fimm mönnum til fjögurra ára í senn og skal skipunartími stjórnarinnar vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu, héraðsnefnd Mýrasýslu og Reykholtisdalshreppur skipa hver sinn fulltrúa í stjórnina, Reykholtskirkjusókn skipar einn fulltrúa, sem kosinn er af aðalsafnaðarfundum og menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Stofnunar Sigurðar Nordals. Varafulltrúar skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnarmaður sá, sem skipaður er af Reykholtskirkjusókn er formaður stjórnar, sem að öðru leyti skiptir með sér verkum.

5. gr.

Stjórn Snorrastofu í Reykholti ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfs-tilhöggun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur.

Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar varðar hann persónulega.

6. gr.

Stjórn Snorrastofu í Reykholti ræður forstöðumann, sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn undirbýr fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, sem skal lögð fyrir stjórnina fyrir 1. apríl ár hvert. Forstöðumaðurinn vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil.

7. gr.

Tekjur Snorrastofu í Reykholti auk vaxta af stofnframlagi eru frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár.

Tekjum og eignum Snorrastofu í Reykholti má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum stofnunarinnar.

8. gr.

Til þess að stofnunin geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra aðila þ.m.t. stofnaðila og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

9. gr.

Reikningsár Snorrastofu í Reykholti er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal í fyrstu viku marsmánaðar leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn Snorrastofu til afgreiðslu:

1. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Snorrastofu í Reykholti skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til a.m.k. tveggja ára í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Skipulagsskránni verður aðeins breytt með samþykki allra stjórnarmanna og skulu þær hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

Stofnuninni verður slitið með sameiginlegri ákvörðun stofnenda.

Verði starfsemi Snorrastofu í Reykholti hætt og stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til eflingar rannsóknum á íslenskum fræðum.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. september 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.